

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Stíflisdalur 2, L170166.

Óveruleg breyting er gerð á deiliskipulagi að Stíflisdal 2. Í breytingunni felst að lóðir nr. 13 og 14 minnka og hámarksbyggingarmagn lóða innan svæðisins miðast við nýtingarhlutfallið 0,03 en hámarksstærð frístundahúsa er þó áfram 225 m² auk svefnlofts. Einnig verður heimilt að byggja allt að 40 m² aukahús/gestahús í stað 24 m² sem teljast með í heildarbyggingarmagni lóðar. Samhliða breytingunni fá lóðirnar innan svæðisins ný staðföng þannig að lóð nr. 13 verður Urriðanes 1 og lóð nr. 14 verður Gvendarlækur 4. Samþykkt í sveitarstjórn 5. nóvember 2020.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 15. desember 2020.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2021